

## **Fundargerð 139 fundar fræðslunefndar Flóahreppi**

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 15.nóvember 2022  
**Fundartími:** Flóaskóli: 15.30 – 16.30  
Sameiginleg málefni 16.30 – 17.15  
Krakkaborg: 17.15 – 18.00

**Fundarmenn:** Bjarni Stefánsson, formaður  
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, varaformaður  
Anný Ingimarsdóttir, aðalmaður, ritari  
Snædís Mjöll Kristjánsdóttir, aðalmaður  
Axel Pál Einarsson, aðalmaður  
  
Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla  
Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla  
Inga Dröfn Sváfnisdóttir, fulltrúi foreldra Flóaskóla  
Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar  
  
Kristrún Jónsdóttir fulltrúi foreldra í Krakkaborg  
Benedikt Karl Gröndal fulltrú starfsmanna Krakkaborgar boðaði  
forföll.

## Málefni Flóaskóli

1. Gunnlaug lagði fram stutta samantekt úr skólastarfinu. Má þar nefna Ólumpíuhlaupið, Listasmiðjur, Danskennslu og Langspilstónleika í Hörpu, uppsetningu ærslabelgs, körfuboltakörfur, frisbíkörfur og matreiðslukeppni grunnskólanna, en Flóaskói er eini þáttakandinn af landsbyggðinni í keppninni. Vinavika heppnaðist vel og er gagnleg t.d. gagnvart einelti.
2. Stoðþjónusta – stöðumat, áhersla, sérfræðiþjónusta. Sigrún Helgadóttir og Sigurbára Rúnarsdóttir fóru vel yfir fjölþætt verkefni stoðþjónustu Flóaskóla og var það upplýsandi fyrir fræðslunefnd.
3. Skólapúlsinn niðurstöður nemendakönnunar. Gunnlaug fór yfir niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins sem gerð var í 6-10.bekk nú í haust. Niðurstöðurnar eru gott verkfæri fyrir starf í skólanum.
4. Óveðursáætlun. Óveðursáætlun rædd. Fræðslunefnd samþykkir að skólastjóri geti aflýst skólahaldi og lokað skólanum ef óveður eða ófærð kallar á það. Samþykkt að ganga frá tillögu um óveðursáætlun í tölvupósti milli nefndarmanna.
5. Skólamáltíðir. Gunnlaug lagði fram nýjar tillögu um skólamáltíðir sem voru samþykktar.

### Sameiginleg málefni

6. Kynning á samþættri þjónustu í þágu farsældar barna. Kristín Arna Hauksdóttir frá Skólaþjónustu Árneshvíls kynnti málefnið og svaraði fyrirspurnum. Fræðslunefnd þakkar Kristínu fyrir gott innlegg.
7. Samstarfsáætlun Flóaskóla og Krakkaborgar. Haldið áfram með þá samstarfsáætlun sem unnið hefur verið eftir. Aukið samstarf um íþróttakennslu elsta árgangs Krakkaborgar með yngstu nemendum Flóaskóla verði til reynslu í vetur.

## Málefni Krakkaborgar

8. Fréttir af skólastarfinu – stutt samantekt. Sara Guðjónsdóttir sagði frá starfi leikskólans. Vel horfir með starfsmannamál, vel mannað og fyrirspurnir hafa borist um störf í Krakkaborg þó ekki hafi verið auglýst.
9. Dvalar- og inntökuskilyrði. Ákveðið að Sara taki til endurskoðunar lið 4 í ljósi umræðu í nefndinni um meiri sveigjanleika á lágmarksdvalartím nemenda.

Fundi slitið 18:03